

370. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 3. apríl 2025 kl. 16:00.



Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Á Microsoft Teams: Daníel Jakobsson.

Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti og Elsa Nielsen.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Samantekt skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu ÍSí sem hafa verið fjölmörg á síðustu vikum á öllum sviðum, eins og sjá má í samantekt skrifstofu sem fylgdi fundargögnum.

2. Fjármál

Skattaleg málefni

Forseti skýrði frá fundi sem hann sat með fjármálaráðherra og fulltrúum KSÍ, KKÍ og Íslensks toppfótbolta vegna skattamála íþróttahreyfingarinnar. Ráðuneytið mun skipa vinnuhóp með fulltrúum frá Ríkisskattstjóra, mennta- og barnamálaráðuneyti og íþróttahreyfingunni vegna málsins.

Úthlutunarreglur um lottó

Hörður Þorsteinsson gjaldkeri skýrði frá góðum fundi með sérsamböndum þann 2. apríl um Úthlutunarreglur ÍSí vegna lottó. Ýmsar útfærslur voru ræddar þar. Stefnt er að því að leggja fram tillögu um breytingu á reglunum á Íþróttapinginu í maí.

Ársreikningur ÍSí 2024

Gjaldkeri fór yfir stöðuna varðandi gerð ársreiknings ÍSí og fór yfir helstu áherslur endurskoðenda sem vilja gera nokkrar breytingar á framsetningu frá síðasta ársreikningi. Umræður urðu um framsetningu ýmissa liða, meðal annars áhrif reksturs Getrauna og Getspár á ársreikning ÍSí. Gert er ráð fyrir því að ársreikningur ÍSí liggi fyrir til afgreiðslu á næsta framkvæmdastjórnarfundi og verði fylgt eftir á fundinum af endurskoðendum sambandsins.

Minningarsjóður

Forseti upplýsti að verið sé að leggja lokahönd á að Gerður Guðjónsdóttir, ekkja Ólafs E. Rafnssonar fyrrverandi forseta ÍSí, taki nú yfir umsjón minningarsjóðsins sem stofnaður var í kjölfar skyndilegs fráfalls Ólafs árið 2013. Mun sjóðurinn lifa áfram undir hennar stjórn undir sömu forsendum og fyrr. Ósk Gerðar um þessa breytingu kom fyrst fram fyrir nokkrum árum en dregist hefur að ganga frá formlegum breytingum á skipulagsskrá sjóðsins, af hennar hálfu. Forseta og framkvæmdastjóra veitt heimild til að ganga formlega frá þessari breytingu fyrir hönd sambandsins.

3. Reglugerð um Íþróttamannanefnd ÍSÍ

Teknar fyrir tillögur að breytingum á ofangreindri reglugerð, skv. framlögðu skjali. Tillögurnar samþykktar með einnig breytingu í 3. grein þar sem orðinu „sér samband“ er skipt út fyrir „íþróttagrein“.

4. Íþróttaping ÍSÍ

Helga Þórðardóttir lögfræðingur kom inn á fundinn og fór yfir þær breytingar sem orðið hafa á tillögum til lagabreytinga frá því það var kynnt á síðasta fundi.

Framkvæmdastjóri og fundarmenn ræddu hugmyndir að almennum tillögum framkvæmdastjórnar um ýmis hagsmunamál sem brenna á hreyfingunni.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir ræddi minnisblað varðandi velferð og verndun í íþróttahreyfingunni í tengslum við tillögugerð.

Farið var yfir fyrirkomulag og undirbúning, framboð, kosningar og gerð ársskýrslu.

Helga fór af fundi.

5. Svæðisstöðvar íþróttahéraða

Lögð fram 6 mánaða skýrsla frá svæðisfulltrúum íþróttahéraða og minnisblað þeirra um verkfærakistu. Umræður urðu um skýrsluna, svæðisstöðvarnar og mikilvægi þess að tryggja áframhaldandi fjárstuðning til reksturs þeirra. Ljóst þykir að svæðisstöðvarnar hafa skapað ýmsar brýr, bæði innan íþróttahreyfingarinnar og einnig á milli hagaðila á svæðunum. Með svæðisstöðvunum hafa ÍSÍ og UMFÍ fengið góða greiningu á helstu áskorunum og tækifærum innan svæða. Með svæðisstöðvunum er auðveldara að miðla á skilvirkari hátt þekkingu, góðum ferlum og verkfærum frá yfirsamtökunum og eins á milli svæða og samræma margt í íþróttastarfinu. Góð sýn fæst á möguleika til samvinnu á milli eininga og jafnvel samruna.

Samþykkt að skoða leiðir til að ramma skipulag svæðisstöðva íþróttahéraða inn í regluverk bæði ÍSÍ og UMFÍ til að skýra betur hlutverk og stöðu svæðisstöðvanna gagnvart öðrum einingum í íþróttahreyfingunni. Leggja þarf áherslu á að ÍSÍ og UMFÍ verði með samræmdar aðgerðir á sínum þingum, líkt og gert var varðandi stofnun svæðisstöðvanna.

Forseti skýrði frá fundum sem hann og framkvæmdastjóri hafa setið með formanni og framkvæmdastjóra UMFÍ um mögulegar leiðir til að nýta betur fjármagn sem samtökin fá frá ríkisvaldinu.

6. Málefni afreksíþróttar

Forseti og framkvæmdastjóri rifjuðu upp stöðu mála. Góðir fundir hafa verið haldnir með sér samböndum og vinnuhópur er að störfum um launamál afreksíþróttafólks. Stefnt er að formlegri stofnun Afreksíþróttamiðstöðvar Íslands í byrjun maímánaðar.

7. Lagðar fram eftirfarandi þingsályktanir:

- Um aukið réttaröryggi sjálfbóðaliða í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi
- Um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2025-2028

8. Alþjóðastarf og íslenskir fulltrúar í alþjóðstarfi

Ísland á fulltrúa í ýmsum alþjóðlegum samböndum um íþróttir, bæði í stjórnnum og nefndum/ráðum. Samþykkt að koma á samráðsvettvangi, líkt og nokkur systursamtök ÍSÍ

á Norðurlöndunum hafa sett á laggirnar, sem hefur það hlutverk að ræða samræmda nálgun í ýmsum stórum hagsmunamálum. Má þar nefna mannréttindamál, málefni vegna stríðsreksturs, góða stjórnarhætti, sjálfbærni o.fl. Íþrótta- og Ólympíusamtök á Norðurlöndum hafa gefið út sameiginleg gildi varðandi mannréttindamál, góða stjórnarhætti og sjálfbærni sem mikilvægt er að koma á framfæri og einnig er ÍSí aðili að yfirlýsingum t.d. varðandi stríð Rússa og Úkraínu. Íslensk stjórnvöld hafa undirritað ýmsa samninga er varða íþróttaleg málefni, svo sem hagræðingu úrslita o.fl. og mikilvægt að fulltrúar Íslands í alþjóðastarfi hafi yfirsýn yfir allt ofangreint.

Gert er ráð fyrir því að Líney Rut Halldórsdóttir, ráðgjafi ÍSí og stjórnarmeðlimur í Evrópusambandi Ólympíunefnda leiði samráðsvettvanginn.

9. Umsókn UDN um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSí

Umsókn Ungmennasambands Dalamanna og N-Breiðfirðinga var tekin fyrir með rafrænum hætti og samþykkt. Sú samþykkt er hér með bókuð í fundargerð. Viðurkenningin var afhent á ársþingi sambandsins og sá Garðar Svansson um afhendinguna.

10. Umsókn UMSE um endurnýjun gæðavottunarinnar Fyrirmyndarhérað ÍSí

Umsókn Ungmennasambands Eyjarfjarðar um endurnýjun gæðavottunarinnar Fyrirmyndarhérað ÍSí var tekin fyrir og samþykkt. Viðar Sigurjónsson, starfsmaður á Stjórnsýslusviði ÍSí mun annast afhendingu viðurkenningarinnar á ársþingi UMSE.

11. Heiðranir

Eftirfarandi tilnefningar um heiðranir á ársþingum sambandsaðila ÍSí voru samþykktar:

Samþykkt að sæma fjóra einstaklinga Gullmerki ÍSí á ársþingi Íþróttasambands fatlaðra, sjá trúnaðarbók.

Samþykkt að sæma einn einstakling Silfurmerki ÍSí og einn Gullmerki ÍSí á ársþingi Íþróttabandalags Akraness, sjá trúnaðarbók.

Samþykkt að sæma tvo einstaklinga Silfurmerki ÍSí og einn Gullmerki ÍSí á ársþingi Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu, sjá trúnaðarbók.

12. Fundargerðir

Eftirtalдар fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 369. fundar framkvæmdastjórnar
- 334. fundar Afrekssjóðs ÍSí.

Samþykkt viðbótar styrkveiting að upphæð kr. 4 m.kr. til Körfuknattleikssambands Ísland vegna þátttöku karlalandsliðsins í lokamóti EM. Styrkveitingin hækkar upp í 10 m.kr. ef liðið nær þeim árangri að vera fyrir ofan miðju í mótinu, í samræmi við viðmið vegna úthlutunar ársins.

Samþykkt að greiða 10 m.kr. til ÍSí vegna þjónustu starfsmanna ÍSí fyrir árið 2025 og 3 m.kr. vegna umsýslu við sjóðinn, sbr. samning við stjórnvöld. Í ljósi nýs fjármagns frá stjórnvöldum í afreksstarf verði hins vegar hætt við greiðslu að upphæð 2 m.kr. vegna heilbrigðisteymis og 2 m.kr. vegna Afreksmiðstöðvar ÍSí.

- Fundir fjármálaráðs ÍSí frá 13. og 20. mars 2025.
- 5. fundar laganefndar ÍSí og minnisblað Helgu Þórðardóttur lögfræðings með fundargerðinni. **Tillögur nefndarinnar að afgreiðslu mála samþykktar.**

- Yfirlit yfir mál í dómstólum ÍSí.

13. Næstu fundir

- 9. apríl - Aukafundur vegna ársreiknings
- 29. apríl
- 15. maí

14. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.